750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

SAMEIGINLEGIR SKILMÁLAR.

1. Lög um vátryggingarsamninga og einstakar vátryggingar sem falla undir þessa vátryggingu.

1.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um vátryggingarsamninga nr. (númer) 30/2004.

1.2 Um vátryggingu þessa gilda allt að sex vátryggingar sem tilgreindar eru á vátryggingarskírteini eftir því sem við á. Vátryggingarnar eru eftirfarandi: ábyrgðartrygging útgerðarmanns samkvæmt skilmálum nr. 760, slysatrygging sjómanna samkvæmt skilmálum nr. 780, launatrygging vegna vinnuslyss samkvæmt skilmálum nr. 782, launatrygging vegna frítímaslyss samkvæmt skilmálum nr. 783, launatrygging vegna sjúkdóms samkvæmt skilmálum nr. 785 og vátrygging á eigum skipverja samkvæmt skilmálum nr. 795.

2. Gildistími og uppsögn.

2.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. (grein) 3.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.

2.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. (málsgrein) getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.

2.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

3. Greiðsla iðgjalds.

3.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar vátryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir vátryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.

3.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur samkvæmt 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur vátryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

3.3 Hafi vátryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.

3.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang vátryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.

3.5 Falli vátrygging niður skv. 2. mgr. skal vátryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem vátryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.

3.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

4. Áhættubreyting.

4.1 Vátryggður skal tilkynna félaginu allar breytingar á skipi og útgerð þess sem valdið getur aukinni áhættu. Vanræki vátryggingartaki tilkynningarskyldu sína og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækkar ábyrgð félagsins að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

5. Svik og rangar upplýsingar.

5.1 Hafi vátryggingartaki við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og vátryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. (samanber) 20. gr. vátryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja vátryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.

5.2 Veiti vátryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sínum við vátryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. vátryggingarsamningalaga.

6. Iðgjaldsendurgreiðsla samkvæmt vottorði.

6.1 Þegar vátryggingarárið er liðið ber vátryggingar- taka að leggja fram vottorð skráningarstjóra um lögskráningu eða ráðningu á skipið á vátryggingartímanum. Hann fær þá endurgreitt ef hann hefur greitt of há iðgjöld. Vottorð þessi ber vátryggingartaka að leggja fram svo fljótt sem unnt er. Iðgjöld endurgreiðast ekki lengra aftur í tímann en frá tveimur síðustu vátryggingarárunum.

7. Fyrning.

7.1 Kröfur sem falla undir vátryggingu þessa fyrnast samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingarsamninga og eftir atvikum laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

8. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

8.1 Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum eftir íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.

8.2 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

8.3 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

8.4 Þrátt fyrir úrræði 3. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.

8.5 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

760 Ábyrgðartrygging útgerðarmanns

1. Þeir sem vátryggðir eru.

1.1 Vátryggingartaki er vátryggður.

2. Gildissvið vátryggingarinnar.

2.1 Í skilmálum þessum merkir ,,skipið“ það skip sem getið er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

2.2 Vátryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan eftir íslenskum réttarreglum og rakin verður til skyndilegs og óvænts atburðar vegna:

a. líkamstjóns sem rakið verður til annað hvort gáleysis við störf í þágu skipsins eða vanbúnaðar eða bilunar skipsins sjálfs eða tækja þess,

b. skemmda á munum í eigu annarra aðila en starfsmanna vátryggingartaka eða eigenda afla, farms eða annars sem skipið flytur, ef skemmdirnar verða af sömu orsökum og greinir í a. lið og tjónsatvikið ber að höndum um borð í skipinu eða á bryggju.

2.3 Aldrei greiðast þó bætur vegna skaðabótakröfu sem vátryggður getur vátryggt sig gegn með venjulegum skilmálum húftryggingar fyrir hliðstæð skip.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

3. Samningar um bætur og bótafjárhæð.

3.1 Vátryggingin tekur ekki til bótaábyrgðar sem stofnast vegna loforðs frá vátryggðum um að hann beri víðtækari ábyrgð en venjulega skaðabótaskyldu utan samninga. Sama gildir um samning sem felur í sér loforð um aðrar eða meiri bætur en leiðir af almennum reglum um ákvörðun bóta utan samninga.

4. Undanskildar áhættur.

4.1 Vátryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna:

a. tjóns á munum, sbr. þó b. lið gr. 2.2 hér á undan,
b. slyss sem verður við út- eða uppskipun þegar aðrir en áhöfn vinna verkið,
c. útgjalda vegna læknishjálpar, hjúkrunar, ferða- kostnaðar eða útfararkostnaðar samkvæmt sjómannalögum,
d. bóta samkvæmt sjómannalögum til skipverja fyrir eigur sem glatast hafa eða skemmst við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón,
e. tjóns af völdum sprengiefnis eða eldfimra muna sem fluttir eru á annan hátt eða í stærri stíl en lög leyfa,
f. tjóns sem rakið verður til stríðs, óeirða, uppþots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
g. tjóns af völdum kjarnorku, jónandi geislunar eða geislavirkra efna,
h. tjóns vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, sem hljótast af völdum hryðjuverka,
i. hvers konar tjóns, beins eða óbeins, sem rekja má til asbests,
j. hvers konar tjóns, beins eða óbeins af völdum perflúor-, perflúoralkýl- og pólýfluoralkýl- efna eða efnasambanda (PFAS) í hvaða formi sem er.

5. Undanskilin áhætta sem vátryggja má sérstaklega.

5.1 Félagið greiðir ekki skaðabótakröfu sem fellur á útgerðarmann fiskiskips vegna starfsemi í landi, t.d. (til dæmis) beitingar, frágangs, meðhöndlunar veiðarfæra eða annarra skyldra starfa nema um slíkt hafi verið samið sérstaklega.

6. Laun í slysaforföllum og bætur úr slysatryggingum.

6.1 Ábyrgðartrygging þessi er bundin því skilyrði að vátryggingartaki kaupi atvinnuslysatryggingu í samræmi við kjarasamninga og lög. Bætur, sem greiða ber af umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu, koma að fullu til frádráttar ábyrgðartryggingarbótum. Sama á við um fjár hæðir sem greiða hefði átt úr umsaminni eða lögboðinni atvinnuslysatryggingu sem atvinnurekandi hefur vanrækt að kaupa eða halda í gildi.

6.2 Laun, sem vátryggðum ber samkvæmt lögum eða kjarasamningi að greiða manni er verður fyrir slysi eða veikist, koma að fullu til frádráttar bótum úr ábyrgðartryggingu þessari.

6.3 Félagið greiðir ekki endurkröfu frá almannatryggingum.

7. Ásetningur.

7.1 Valdi vátryggður eða starfsmenn, sem gegna ábyrgðarstöðum hjá honum, tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð vegna tjónsins.

8. Sektir.

8.1 Félagið greiðir ekki bætur vegna sekta eða annarra refsiviðurlaga.

9. Vátryggingartími.

9.1 Komi afleiðingar atviks, sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi greiðir félagið samt sem áður bætur. Á hinn bóginn greiðir félagið ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem verður áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.

10. Vátryggingarfjárhæð.

10.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónsatviks (vátryggingaratburðar) takmarkast við vátryggingarfjárhæð þá sem tilgreind er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Ábyrgð félagsins vegna

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

allra tjónsatvika innan hvers vátryggingarárs (vátryggingartímabils) takmarkast einnig við vátryggingarfjárhæðina.

10.2 Félagið greiðir kostnað sem eðlilegt er að vátryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem vátryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem vátryggingin tekur til.

10.3 Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

11. Varúðarregla.

11.1 Vátryggðum er skylt að gæta þess að við störf í skipi séu ekki aðrir en þeir sem til þess hafa lögskilin réttindi. Brot gegn þessari varúðarreglu og öðrum settum varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

12. Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

12.1 Þegar vátryggingaratburðurinn hefur orðið eða bein hætta er á því að hann muni bera að höndum ber vátryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Vanræksla í þessu efni getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um vátryggingarsamninga.

12.2 Vátryggingin nær til tjóns og kostnaðar er vátryggður hefur af ráðstöfunum til að afstýra tjóni, sbr. 38. gr. laga um vátryggingarsamninga.

13. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

13.1 Þegar tjón er orðið skal vátryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir er hann fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa, sem ætla má að vátryggingin nái til, verði gerð á hendur honum.

13.2 Ekki má vátryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis félagsins, nema hann hafi aðeins gert það sem honum var skylt lögum samkvæmt, er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.

14. Samningar við tjónþola.

14.1 Félagið á rétt til að annast samninga við tjónþola (þann sem kröfu gerir á hendur vátryggðum) og eftir atvikum að annast málsvörn. Kostnaðinn greiðir félagið eftir reglum greinar 10.2.

14.2 Félaginu er heimilt að greiða bætur beint til tjónþola. Komi fram skaðabótakrafa getur félagið á hvaða stigi málsins sem er fullnægt skuldbindingum sínum og losnað við frekari greiðslur með því að greiða vátryggingarfjárhæðina og áfallna vexti og kostnað sem svarar til vátryggingarfjárhæðarinnar.

15. Eigin áhætta vátryggðs.

15.1 Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu eftir því sem nánar segir í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

15.2 Nái höfuðstóll bótakröfu ekki lágmarki eigin áhættu greiðir félagið ekki heldur kostnað þó að krafan og kostnaðurinn samanlagt verði meiri en fjárhæð eigin áhættu.

780 Slysatrygging sjómanna

1. Vátryggingarsvið.

1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss sem vátryggður verður fyrir eins og segir í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.

1.2 Vátryggðir eru þeir sem ráðnir eru í skiprúm hjá vátryggingartaka á skipi því, sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, og slysið hefur borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipinu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.

1.3 Með orðinu “slys” er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

2. Aldurstakmörk.

2.1 Félagið vátryggir ekki börn yngri en 15 ára gegn tímabundnum missi starfsorku og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur venjulegum útfararkostnaði.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

3. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.

3.1 Vátryggingin bætir ekki:
- a. slys sem beint eða óbeint eru af völdum kjarna- breytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis, eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
- b. slys vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka.

3.2 Valdi vátryggður vátryggingaratburði af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi fer um ábyrgð félagsins eftir því sem segir í 89. og 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

4. Ráðstafanir vegna slyss.

4.1 Slasaða ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar l æknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

4.2 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.

4.3. Látist vátryggður af slysförum, skal tilkynna félaginu það eins fljótt og auðið er.

4.4 Félagið hefur rétt til þess að láta fara fram krufningu á líki hins látna.

4.5 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða vátryggðan, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.

4.6 Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda félaginu læknisvottorð og bótakröfu.

4.7 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð. samkvæmt bráðabirgðaörorkumati sbr. b) og c) lið. Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

5. Dánarbætur.

5.1 Valdi slys dauða vátryggðs innan þriggja ára frá slysdegi, greiðast dánarbætur þær sem í gildi voru á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlegt líkamstjón sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.

6. Bætur fyrir varanlegt líkamstjón.

6.1 Valdi slys vátryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð, greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar upphæðar sem var í gildi á slysdegi.

6.2 Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni, án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu hins slasaða. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

6.3 Örorkubætur greiðast í hlutfalli við vátryggingar- fjárhæðina, þó þannig að hvert örorkustig frá 26 - 50% verkar tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% verkar þrefalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 225% af vátryggingarfjárhæð vegna örorkubóta.

6.4 Við ákvörðun örorkubóta skal að auki fylgja eftir- farandi reglum:
- a) a) Missir eða bæklun á útlim eða líffæri, sem var ónothæft fyrir slysið, gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlim eða líffæri, sem áður var bæklað, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- b) Örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða þá. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- c) Þótt gera megi ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast skal undantekningarlaust framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð ber samt sem áður við ákvörðun miskastigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
- d) Ef hinn slasaði deyr eftir að meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt örorkumat hefur farið fram, greiðast bætur samkvæmt bráðabirgðaörorkumati sbr. b- og c-lið.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

e) Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.

7. Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku.

7.1 Bætur fyrir tímabundinn starfsorkumissi (dagpeningar) greiðast samkvæmt 172. grein siglingalaga nr. 34/1985.

8. Greiðsla bóta og vextir.

8.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 123. gr. vátryggingarsamningalaga.

782 Launatrygging vegna vinnuslyss

1. Vátryggingarsvið og hugtök.

1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss er skipverji verður fyrir, eins og segir í vátryggingarskírteini og/eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.

1.2 Vátryggingartaki er vátryggður.

1.3 Skipverji er sá sem ráðinn er í skiprúm hjá vátryggingartaka á skipi því, sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, og slysið hefur borið að höndum er hann var staddur á skipinu eða vann í beinum tengslum við rekstur þess.

1.4 Með orðinu ,,slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama skipverja og gerist án vilja hans.

1.5 Vátryggingin greiðir bætur samsvarandi launum sem vátryggðum ber að greiða beint til skipverja skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 vegna slyss sem skipverjinn hefur orðið fyrir og er bótaskylt skv. III. kafla laga um almannatryggingar nr. 117/1993.

2. Nánari afmörkun á gildissviði vátryggingarinnar.

2.1 Bætur greiðast frá þeim degi sem vátryggðum bar að greiða skipverja laun vegna óvinnufærni af völdum slyss, enda hafi greiðsluskylda vátryggðs varað í minnst tíu daga. Fyrir skemmra tímabil greiðast engar bætur.

2.2 Dagpeningar, sem skipverji á rétt til samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða ber til vinnuveitanda, koma að fullu til frádráttar bótum úr vátryggingu þessari.

3. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.

3.1 Vátryggingin bætir ekki tjón sem rakið verður til:

a. slyss sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis, eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarastríðs, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,

b. slyss vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka.

3.2 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir um ábyrgð félagsins hafi maki vátryggðs, börn hans eða starfsmenn um borð í skipinu valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

3.3 Vátryggingin tekur ekki til slysa sem verða í frítíma skipverja nema um það sé samið sérstaklega og þess getið í vátryggingarskírteini.

3.4 Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna launagreiðslna til barna yngri en 15 ára.

3.5 Vátryggingin bætir ekki launatengd gjöld vátryggðs af neinu tagi, svo sem tryggingagjald, mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð o.þ.h. (og þess háttar).

3.6 Vátryggingin bætir ekki laun að því marki sem skipverji fær þau greidd úr Ábyrgðarsjóði launa, sbr. lög nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

4. Tilkynning til félagsins og ráðstafanir vegna slyss.

4.1 Vátryggðum ber að tilkynna félaginu tafarlaust um vátryggingaratburð á þar til gerðum eyðublöðum eða á þann hátt sem félagið kýs. Jafnframt skal vátryggður láta félaginu í té öll gögn sem hann hefur undir höndum varðandi atburðinn, svo og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo félagið geti tekið ákvörðun um bótaskyldu.

4.2 Skipverja ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

4.3 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.

4.4 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða skipverja, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.

4.5 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

5. Greiðsla bóta og vextir.

5.1 Vátryggður sér um launauppgjör við skipverja að höfðu samráði við félagið, en krefur svo félagið um þau útgjöld sem falla undir vátryggingu þessa.

5.2 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

783 Launatrygging vegna frítímaslyss

1. Vátryggingarsvið og hugtök.

1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss sem skipverji verður fyrir eins og segir í vátryggingarskírteini eða I ðgjaldskvittun og skilmálum þessum.

1.2 Vátryggingartaki er vátryggður.

1.3 Skipverji er sá sem ráðinn er í skiprúm hjá vátryggingartaka á skipi því sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

1.4 Með orðinu “slys” er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama skipverja og gerist án vilja hans.

1.5 Vátryggingin greiðir bætur samsvarandi launum sem vátryggðum ber að greiða beint til skipverja skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 vegna slyss sem skipverjinn hefur orðið fyrir í frítíma sínum.

2. Nánari afmörkun á gildissviði vátryggingarinnar.

2.1 Bætur greiðast frá þeim degi sem vátryggðum bar að greiða skipverja laun vegna óvinnufærni af völdum slyss, enda hafi greiðsluskylda vátryggðs varað í minnst tíu daga. Fyrir skemmra tímabil greiðast engar bætur.

2.2 Dagpeningar, sem skipverji á rétt til samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða ber til vinnuveitanda, koma að fullu til frádráttar bótum úr vátryggingu þessari.

3. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.

3.1 Vátryggingin bætir ekki tjón sem rakið verður til:

a. slyss sem beint eða óbeint er af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis, eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, upphots eða svipaðra aðgerða,

b. slyss vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka.

3.2 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir um ábyrgð félagsins hafi maki vátryggðs, börn hans eða starfsmenn um borð í skipinu valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

3.3 Vátryggingin tekur ekki til slysa sem skipverji verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu sem atvinnuslysaáhætta fylgir.

3.4 Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna launagreiðslna til barna yngri en 15 ára.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

3.5 Vátryggingin bætir ekki launatengd gjöld vátryggðs af neinu tagi, svo sem tryggingagjald, mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð o.þ.h.

3.6 Vátryggingin bætir ekki laun að því marki sem skipverji fær þau greidd úr Ábyrgðarsjóði launa, sbr. lög nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa.

4. Tilkynning til félagsins og ráðstafanir vegna slyss.

4.1 Vátryggðum ber að tilkynna félaginu tafarlaust um vátryggingaratburð á þar til gerðum eyðublöðum eða á þann hátt sem félagið kýs. Jafnframt skal vátryggður láta félaginu í té öll gögn sem hann hefur undir höndum varðandi atburðinn, svo og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo félagið geti tekið ákvörðun um bótaskyldu.

4.2 Skipverja ber að leita læknis strax eftir að slys hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

4.3 Tilkynna skal slys þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.

4.4 Þegar slys ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða skipverja, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.

4.5 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

5. Greiðsla bóta og vextir.

5.1 Vátryggður sér um launauppgjör við skipverja að höfðu samráði við félagið, en krefur svo félagið um þau útgjöld sem falla undir vátryggingu þessa.

5.2 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

785 Launatrygging vegna sjúkdóms

1. Vátryggingarsvið og hugtök.

1.1 Félagið greiðir bætur vegna slyss sem skipverji verður fyrir eins og segir í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun og skilmálum þessum.

1.2 Vátryggingartaki er vátryggður.

1.3 Skipverji er sá sem ráðinn er í skiprúm hjá vátryggingartaka á skipi því, sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun, þegar hann veikist þannig að vátryggðum beri að greiða honum laun, sbr. 4. mgr.

1.4 Vátryggingin greiðir bætur samsvarandi launum sem vátryggðum ber að greiða beint til skipverja skv. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 vegna óvinnufærni af völdum sjúkdóms.

2. Nánari afmörkun á gildissviði vátryggingarinnar.

2.1 Bætur greiðast frá 11. degi sem vátryggðum bar að greiða skipverja laun vegna óvinnufærni af völdum sjúkdóms, enda hafi greiðsluskylda vátryggðs varað í minnst tíu daga. Fyrir fyrstu tíu dagana, sem greiðsluskylda vátryggðs varir, greiðast engar bætur.

2.2 Dagpeningar, sem skipverji á rétt til samkvæmt lögum um almannatryggingar og greiða ber til vinnuveitanda, koma að fullu til frádráttar bótum úr vátryggingu þessari.

3. Það sem vátryggingin bætir ekki.

3.1 Vátryggingin nær ekki til:

a. sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en vátryggingin gekk í gildi, nema að félagið hafi vitað um sjúkdóminn við gildistökuna og veitt vátrygginguna þrátt fyrir það,

b. sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á tímabili þegar vátryggingin var úr gildi, svo og versnandi heilsufarsástæðna á slíku tímabili, nema félagið hafi vitað um einkennin eða versnunina þegar vátryggingin tók gildi að nýju,

c. sjúkdóms sem orsakast hefur af notkun áfengis, deyfi- og/eða eiturlyfja,

d. óvinnufærni af völdum slyss.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

4. Aðrar takmarkanir á bótaskyldu.

4.1 Vátryggingin bætir ekki tjón sem rakið verður til:
- a. sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis, eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, borgarastríðs, uppreisnar, uppþots eða svipaðra aðgerða,
- b. sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgoss, flóða, skriðufalla, sjóflóða eða annarra náttúruhamfara,
- c. sjúkdóma er skipverji verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði,
- d. sjúkdóma sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerða eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms,
- e. sjúkdóma sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun eða neyslu nautnalyfja,
- f. sjúkdóma vegna eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er og án vilja skipverja,
- g. sjúkdóma vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka.

4.2 Valdi vátryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir um ábyrgð félagsins hafi maki vátryggðs, börn hans eða starfsmenn um borð í skipinu valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

4.3 Vátryggingin tekur ekki til tjóns vegna launagreiðslna til barna yngri en 15 ára.

4.4 Vátryggingin bætir ekki launatengd gjöld vátryggðs af neinu tagi, svo sem tryggingagjald, mótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð o.þ.h.

4.5 Vátryggingin bætir ekki laun að því marki sem skipverji fær þau greidd úr Ábyrgðarsjóði launa, sbr. lög nr. 88/2003 um Ábyrgðarsjóð launa.

5. Tilkynning til félagsins og ráðstafanir vegna sjúkdóms.

5.1 Vátryggðum ber að tilkynna félaginu tafarlaust um vátryggingaratburð á þar til gerðum eyðublöðum eða á þann hátt sem félagið kýs. Jafnframt skal vátryggður láta félaginu í té öll gögn sem hann hefur undir höndum varðandi atburðinn, svo og allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru svo félagið geti tekið ákvörðun um bótaskyldu.

5.2 Skipverji skal leita læknis strax eftir að sjúkdóm hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar læknisaðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

5.3 Tilkynna skal sjúkdóma þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum félagsins, ef unnt er, annars á annan hátt til bráðabirgða.

5.4 Þegar sjúkdóm ber að höndum er félaginu heimilt að láta trúnaðarlækni sinn skoða skipverja, svo og afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar hans.

5.5 Félagið greiðir nauðsynleg læknisvottorð.

6. Greiðsla bóta og vextir.

6.1 Vátryggður sér um launauppgjör við skipverja að höfðu samráði við félagið, en krefur svo félagið um þau útgjöld sem falla undir vátryggingu þessa.

6.2 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

795 Vátrygging á eigum skipverja

1. Vátryggingarsvið.

1.1 Úr vátryggingu þessari greiðir félagið allt það tjón á eigum skipverja sem útgerðarmanni er skylt að bæta samkvæmt ákvæðum í 69. gr. sjómannalaga nr. 35 frá 19. júní 1985, samanber reglugerð settri af samgönguráðherra. Bæturnar skulu nema sannvirði þeirra eigna er farast eða eyðileggjast við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón, en takmarkast þó við eftirtaldar upphæðir:

FISKISKIP

Allt að 75 brúttótonn

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

	Yfirmenn	146.000
	Aðrir skipverjar	137.000
Allir skipverjar sem ekki búa um borð	73.000	

FISKISKIP

Yfir 75 brúttótonn	
Yfirmenn	211.000
Aðrir skipverjar	199.000
Allir skipverjar sem ekki búa um borð	189.000

ÖNNUR SKIP

Yfirmenn	213.786
Aðrir skipverjar	202.333
Allir skipverjar sem ekki búa um borð	190.880

Fjárhæðir þessar miðast við vísitölu neysluverðs í mars 1999.

2. Matskostnaður.

2.1 Allan kostnað varðandi mat á bótaskyldu tjóni greiðir félagið.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 1. desember 2025.

ÚR SIGLINGALÖGUM NR. 34/1985 - 172. GR.

Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum er hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur yfirsjónar þeirra er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla ef sá, sem fyrir slysi eða tjóni varð, sýndi vítavert gáleysi sem leiddi til slyssins eða tjónsins.
Skylt er útgerðarmanni að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum er á hann kunna að falla samkvæmt 1. mgr. Sé útgerðarmaður jafnframt í áhöfn skips er honum skylt að tryggja sig með sama hætti. Tryggingin skal vera sem hér segir:

1. Dánarbætur:

a. 360.000 kr. við andlát er greiðast eftirlifandi maka og börnum á sambærilegan hátt og almennar lögerfðarreglur mæla fyrir um. Með ,,maka“ er einnig átt við sambúðarmann eða sambúðarkonu samkvæmt reglum Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 52. gr. laga um almannatryggingar.

750 Áhafnartrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

b. 140.000 kr. til viðbótar greiðslu skv. a.-lið ef bætur greiðast samkvæmt c.- eða d.-lið og skiptast á sama hátt og bætur samkvæmt a-lið.

c. Mánaðarlegar bætur til eftirlifandi maka í þrjú ár ber að greiða samkvæmt a.-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar. Við andlát eftirlifandi maka ganga greiðslur þessar ekki í arf. Nú er eftirlifandi maki 45 ára eða eldri þegar slys ber að höndum og eigi með barn eða börn á framfæri sínu sem bætur taka eftir d.-lið þessa töluliðar og skal hann þá njóta bótanna í sex ár frá því að slys varð. Ákvæði þessi skerða í engu réttindi maka vegna slysa sem orðið hafa fyrir gildistöku laga þessara.

d. Mánaðarlegar bætur til barna að 18 ára aldri ber að greiða á hverjum tíma samkvæmt c.-lið 1. mgr. 35. gr. laga um almannatryggingar.

2. Slysadagpeningar og örorkubætur:

a. Dagpeningar sem greiðast eftir sömu reglum og dagpeningar samkvæmt 33. gr. laga um almannatryggingar, þó þannig að heildarupphæð dagpeninga sé aldrei hærri en þau laun sem hinn slasaði hafði fyrir slysið.

b. Vegna varanlegrar örorku greiðast bætur á eftirfarandi hátt: 9.100 kr. (krónur) fyrir hvert örorkustig á bilinu frá 1-25%, 18.200 kr. á bilinu frá 26-50% og 27.300 kr. fyrir hvert örorkustig umfram 50%.

Frá eingreiðslu dánarbóta skal draga örorkubætur, ef greiddar hafa verið.
Upphæðir þær, sem um ræðir í 2. mgr., skulu breytast í samræmi við breytingar á næstlægsta launaflokki Dagsbrúnar (efsta starfsaldursþrepi) og skal Hagstofa Íslands birta tilkynningar um breytingar á framangreindum upphæðum eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti.

ÚR SJÓMANNALÖGUM NR. 35/1985 - 69. GR.

Útgerðarmaður bætir skipverjum þær eigur þeirra sem farist hafa eða skemmst við skiptapa, eldsvoða í skipi eða annað sjótjón eftir reglum sem samgönguráðherra setur.